



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Kotlivík - Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 82-3100

14. fundur

Skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn í kennarastofu annarsleikis skólahússins miðvikudaginn 3. ágúst 1977 og hófst kl. 20³⁰.

Fundinn sóttu : Gunnar Sveinsson, Ingvar Jóhannsson, Jón Hólmgeirsson, Ómar Bjarnþórsson Ingólfur Halldórsson og skólameistari Jón Böðvarsson.

Þetta gerðist :

I. Fjallað var um kennararáðningar. Til umræðu voru umsóknir um stöður sem auglýstar voru í Lögbirtingablaði nr. 57/1977 frá Baldri Kristjánssyni, Björgvin Víglundssyni, Braga Halldórssyni, Erlingi Jónssyni, Gerard Chinotti, Gunnari Þórarinssyni, Helga Jóhannssyni, Hjálmari Waag Árnasyni, Kolbeini Þorleifssyni, Lilju Finnogadóttur, Nicolas Jones, Sigfúsi Ingimundarsyni, Sturlaugi Björnssyni og Þór Stefánssyni. - Tveir kennarar er umsóknir sendu, Ólafur Stephensen og Ólöf Guðmundsdóttir höfðu ráðið sig annars staðar er fundurinn var haldinn. Þorist höfðu að að auki tvær skilyrðisbundnar umsóknir sem greint verður frá síðar í þessari fundargerð.

Samþykkt var að mæla með eftirtöldum umsækjendum : Baldri Kristjánssyni, fil.cand., sem félagsfræðikennara, Björgvin Víglundssyni, verkfræðingi, sem stærðfræðikennara, Braga Halldórssyni, sem íslensku- og sögukennara, Gunnari Þórarinssyni, viðskiptafræðingi, og Helga Jóhannssyni sem kennurum í sérgreinum á viðskiptabraut, Hjálmari Waag Árnasyni sem íslenskukennara og Lilju Finnogadóttur sem tungumálakennara.

Ákveðið var að fresta þar til síðar á fundinum afgreiðslu á umsóknum um stöður kennara í sérgreinum á tréiðnabraut.

II. Skólanefndin lýsti sig samþykka tillögu skólameistara

um að stofnsetja hársnyrti- og tréiðnabrautir við skólann.

Skólameistara var falið að sækja um leyfi menntamálaráðuneytisins til þess að stofna þessar námsbrautir. - Umsóknir um nám á hársnyrtibraut eru nú 15 en á tréiðnabraut 25. Alls hafa þorist 301 umsókn um skólavist.

III. Menntamálaráðherra hefur heimilað skólameistara að gera tillögur um skipulag náms fyrir flugmenn og flugvirkja (sbr. fundargerð 13. fundar). Skólameistari hefur ráðið Björgvin Vígundsson, verkfræðing, til þess að vinna þetta undirbúningsstarf fyrir skólans hönd.

IV. Skólameistari hefur sótt um 25 milljón króna viðbótarfjárveitingu til skólans vegna nemendafjölgunar og nauðsynlegra framkvæmda ýmiss konar. Bréf hans til menntamálaráðuneytisins vegna beiðninna fylgifyfundargerð þessari. Hluttur sveitarfélaganna yrði samtals kr. 4.720.000.00 - .

V. Sýnt er að leigja þarf viðbótarhúsnæði hjá Grunnskóla Keflavíkur við Sunnubraut. Náðst hefur samkomulag við Sigurð Þorkelsson, skólastjóra, varðandi það mál. Samþykkt var að hefjast handa við að skipta lestrársal grunnskólans í tvær stofur; útbúa tækjageymslu skólans sem kennslustofu og ganga frá leigusamningi um viðbótarhúsnæði með fyrirvara um samþykki ráðuneyta. Samþykkt var að leita samninga við skátafélagið Heiðarbúa um húsnæði fyrir mótuneyti með sama spiði og í fyrra. Einnig var samþykkt að semja við Steindór Sigurðsson um akstur nemenda á svipuðum grundvelli og á fyrra skólaári.

VI. Samþykkt var að hafa ekki kennslu í leikfimi næsta vetur. Ástæðan er sú að ógerlegt er að fella kennsluna inn í stundaskrár nemenda vegna þess að eina fánlega leikfimishúsið er í Njarðvík. Samþykkt var að leita samninga um afnot Fjölbrautaskólans af nýja íþróttahúsinu sem er í smíðum í Keflavík.

VII. Ingólfur Halldórsson skrifaði bréf til allra eigenda trésmíða-verkstæða á Suðurnesjum og leitaði eftir leiguhúsnæði til kennslu. Tilboð bárust frá Alexandri Jóhannessyni og Héðni Skarphéðinssyni. Bæði tilboðin voru bundin því skilyrði að eigendurnir yrðu ráðnir kennarar á tréðnabraut. Skólanefndin skoðaði bæði verkstæðin og telur húsnæði og tækjabúnað viðunandi á báðum stöðum. Samþykkti nefndin að leita samninga við Héðin Skarphéðinsson og mælti með því að Héðinn Skarphéðinsson og Sturlaugur Björnsson verði ráðnir kennarar á tréðnabraut.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið.

Jón Böðvarsson og Ingólfur Halldórsson fundarritarar.